

Stjörnugrís hf.  
Vallá  
116 Kjalarnes

Reykjavík, 11. októberber 2019  
UST201908-237/F.T.  
08.12.02

### Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 27. september sl. þar sem rekstraraðila, Stjörnugrís í Brautarholti, var veitt áminning vegna frávika sem skráð voru í eftirliti dags. 12. júní 2019.

#### Frávikin eru eftirfarandi:

1. Grein 9.1 í 1. kafla starfsleyfisskilyrða. Skráningar á tæmingu á flórum, þrif á deildum, förgun, nýtingu og endurvinnslu úrgangs, magn lífræns úrgangs voru ekki aðgengilegar í vettvangsheimsókninni. Í eftirliti stofnunarinnar dags. 1. október sl. voru skráningar á framangreindum atriðum fyrir hendi. Þó vantaði skráningar á mánaðarlegri stöðu í mykjutönkum. Stofnunin mun taka út úrbætur vegna þeirra skráninga í næsta reglubundna eftirliti.
2. 18. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Rekstraraðili skal vinna áhættumat um mögulega bráðamengun til hafs og stranda og vinna viðbragðsáætlun á grundvelli þess. Áhættumat og viðbragðsáætlun er ekki til staðar á búinu. Rekstraraðili lagði fram áhættumat og viðbragðsáætlun í eftirliti stofnunarinnar dags. 1. október sl.
3. Grein 3.2 í 1. kafla og grein 2.3 í 2. kafla starfsleyfisskilyrða. Grasfletir í næsta nágrenni voru óslegnir en skv. í næsta nágrenni skuli þeir vera snöggslegnir til að auðvelda hreinsun á svæðinu. Í eftirliti 1. október sl. þótti ekki tilefni til athugasemda við grasfleti á svæðinu. Frávikinu telst lokið.
4. Grein 4.4 í 2. kafla starfsleyfisskilyrða. Í fráveituskurðum var talsvert af setfellingum og sorpi allt frá búinu niður að útrás til sjávar. Fráveitulögn í fjörunni norðaustan við búíð var ryðguð í sundur og stífluð af sjávarmöl. Í eftirliti stofnunarinnar dags. 1. október þótti ekki tilefni til athugasemda við fráveituskurði á svæðinu. Fráveitulögn frá skurði hafði verið hreinsuð en er þó ryðguð í sundur. Þar sem ekki voru sýnileg óhreinindi í útrás í skurð, þótti ekki tilefni til frekari athugasemda að svo stöddu.


Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti.


Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgnina verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum. Gjaldið er **26.400 kr.**

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

  
Skúli Þórðarson  
sviðsstjóri

  
Frigg Thorlacius  
lögfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur